

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2014

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum, þskj. 240 – 211. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum. Með frumvarpinu er lagt til að réttur námsmanna til húsaleigubóta verði sá sami hvort heldur þeir leigja á heimavist eða á námsgörðum eða á almennum markaði.

BSRB sendi inn umsögn þegar þingmálið var fyrst lagt fram á 140. löggjafarþingi með bréfi dags. 1. mars. 2012. BSRB vísar til þeirrar umsagnar enda telur bandalagið mikilvægt að öllum námsmönnum sé tryggður samskonar stuðningur hvort heldur þeir hafi möguleika á að leigja á heimavist og námsgörðum eða á almennum markaði.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri